

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Stefnuræða bæjarráðs hér í dag er í raun tímamótaráða í mörgum skilningi. Hér er í dag í fyrsta skipti flutt sérstök stefnuræða frá því að stjórnsýslunefnd var lögð niður og verkefni hennar falin bæjarráði með samþykkt bæjarstjórnar 18. september 2012. Bæjarráð hefur því verið stjórnsýslunefnd bæjarins frá þeim tíma. Þá er hér flutt stefnuræða í fyrsta sinn eftir breytingu á heiti sveitarfélagsins úr Akureyrarkaupstað í Akureyrarbæ en það er eitt af verkefnum stjórnsýslunefndar eða bæjarráðs að gera tillögu til bæjarstjórnar um slíkar breytingar.

Það hefur ekki tíðkast að bæjarráð hafi verið með sérstaka stefnuræðu enda er hlutverk bæjarráðs eins og það er skilgreint í samþykktum fyrst og fremst fjármálastjórn bæjarins og má því segja að stefnuræða bæjarráðs sé kynnt við birtingu fjárhagsáætlunar. Hins vegar hefði verið full ástæða á liðnum árum til að taka stefnuræðuna byggða á þeim verkefnum sem falla í dag undir stjórnsýslusvið og mun ég hér í dag líta til þeirra verkefna.

En aðeins söguupprifjun bæði fyrir okkur bæjarfulltrúa og eins þá sem eru að fylgjast með þessari útsendingu.

Stjórnsýslunefnd átti sér tæplega 10 ára sögu í stjórnsýslu bæjarins, sem sérstök nefnd, en henni var komið á á árinu 2002 og var hlutverk hennar að taka verkefni frá bæjarráði þannig að verkefni bæjarráðs snérust meira að fjármálum sveitarfélagsins beint en í samþykkt stjórnsýslunefndar var kveðið á um hlutverk hennar og í þeirri samþykkt sagði, með leyfi forseta:

„Stjórnsýslunefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði stjórnsýslu Akureyrarbæjar. Hún vinnur að því að stjórnsýsla bæjarfélagsins verði á hverjum tíma sem skilvirkust og hagkvæmust. Hún skal vera stefnumótandi nefnd fyrir stjórnkerfi bæjarins og móta reglur um ábyrgðarmörk bæjarfulltrúa og embættismanna. Stjórnsýslunefnd vinnur að því að nýta rafræn upplýsingakerfi og rafræna stjórnsýslu til að stuðla að skilvirkum vinnubrögðum og greiða fyrir aðgangi almennings að upplýsingum og stofnunum bæjarins. Hún beitir sér fyrir fræðslu bæjarfulltrúa og starfsmanna ásamt því að stuðla að faglegum stjórnunarháttum Akureyrarbæjar.“

Tilvitnun lýkur.

Jafnframt var kveðið á um í samþykktunum á sínum tíma að nefndin hefði sérstök verkefni sem snéru að samræmingu reglna og samþykktu um stjórnsýslu bæjarins í heild og um einstakar nefndir og ráð. Þá var nefndinni falið að hafa yfirumsjón með starfsáætlunum og árangursmælingum stoðdeilda bæjarins sem snéru að þeim verkefnum sem fjársýslu- og stjórnsýslusvið annast í dag.

Frá því stjórnsýslunefnd var lögð niður hafa þessi verkefni heyrt undir bæjarráð eins og áður segir án þess að þau hafi sérstaklega verið tilgreind í samþykktum bæjarráðs enda hefur verið litið svo á að verkefni sem tíunduð eru í eldri samþykktum stjórnsýslunefndar falli undir bæjarráð. Ég tel hins vegar að tímabært sé að endurskoða samþykktir bæjarráðs með tilliti til þeirra verkefna sem í dag falla undir ráðið og mun á næsta fundi bæjarráðs koma með tillögu þess efnis.

Nóg af söguskýringum og að stefnuræðunni.

En þó fyrst. Hver eru verkefni stjórnsýslusviðs?.

Stjórnsýslusviðið varð til við stjórnsýslubreytingar sem tóku gildi 1. janúar 2017 með sameiningu tveggja deilda Skrifstofu ráðhúss og Starfsmannaþjónustu auk þess sem Alþjóðastofa færðist frá Samfélags- og mannréttindadeild til sviðsins.

Stjórnsýslusvið veitir ýmsa ytri og innri þjónustu sem og stoðþjónustu við önnur svið sveitarfélagsins. Sviðið skiptist í þrjár deildir; upplýsinga- og þjónustudeild, launadeild og mannauðsdeild. Innan sviðsins er sinnt launa- og kjaramálum, mannauðsmálum og þjónustu og upplýsingagjöf til bæjarfulltrúa, ráða og nefnda, bæjarbúa, fyrirtækja, stofnana, stjórnenda og annarra starfsmanna og yfirumsjón með skjalamálum sveitarfélagsins. Stjórnsýslusvið er leiðandi á sviði umbóta á sviði gæðamála og rafrænnar stjórnsýslu og þjónustu.

Í stefnumræðum hér í bæjarstjórn hefur oft verið rætt um hvort um sé að ræða stefnuræðu eða stöðuskýrslu. Er það svo að skoðanir bæjarfulltrúa mótast oft af því hvort þeir tilheyra meiri- eða minnihluta. Ég tel hins vegar að erfitt sé að taka stefnuræðu nema að horft sé til fortíðar og staðan tekin samhliða því sem horft er fram á veginn.

Ég vil því byrja á því að horfa í baksýnispegilinn og fjalla um stjórnsýslubreytingar sem unnar voru á árunum 2015-2016 og tóku gildi 1. janúar 2017 en það er eitt viðamesta verkefni sem bæjarráð hefur tekist á við eftir að stjórnsýslunefndin og bæjarráðið runnu saman. Markmið breytinganna var að einfalda stjórnskipulag Akureyrarbæjar, auka skilvirkni og efla þjónustu við bæjarbúa. Strax í upphafi var tekin ákvörðun um að gerð yrði úttekt á innleiðingu stjórnskipulagsbreytinganna og var sú úttekt lögð fram á fyrri hluta árs 2018. Eins og við mátti búast við svo viðamiklar breytingar voru ekki allir á eitt sáttir um hvernig til hefði tekist og var í kjölfarið kallað eftir minnisblaði sem unnið var af verkefnastjóra/aðstoðarmanni bæjarstjóra.

Minnisblaðið var lagt fram í bæjarráði 15. mars sl. og var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og vænti ég þess að tillögur um frekari útfærslur á stjórnsýslubreytingum verði lagðar fram fyrr en seinna. Það verður svo verkefni okkar í bæjarráði að taka þær tillögur áfram og móta og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar en þetta er klárlega eitt mikilvægasta verkefni sem bæjarráð stendur frammi fyrir. Stöðug þróun á þjónustu sveitarfélagsins er mjög mikilvæg til þess að vera samkeppnishæf í nútímasamfélagi. Þróun á skipuriti er því eðlileg þróun og tekur líklega seint enda.

Þar sem áðurnefndar tillögur bæjarstjóra liggja ekki fyrir þá tel ég á þessum tímapunkti viðkvæmt að ræða útfærslur og hugmyndir að frekari breytingum á stjórnsýslu en þó finnst mér mikilvægt að skoða þá framsetningu á skipuriti að stjórnsýslu- og fjármálasvið gangi þvert á skipuritið en eins og fram kemur í drögum að starfsáætlun stjórnsýslusviðs þá ganga verkefni sem unnið er að á sviðinu iðulega þvert á önnur svið bæjarins.

Þegar drög að starfsáætlun stjórnsýslusviðs fyrir árið 2020 eru rýnd er rétt að horfa til þeirra verkefna sem eru í vinnslu í dag.

Í mannauðsdeild hefur verið unnið markvisst í rafrænni fræðslu, hópmarkþjálfun stjórnenda, fræðslu og stuðningi við starfsmenn og stjórnendur vegna innleiðingar á starfsmati hjá aðildarfélögum BHM og fleiri félögum, mótun verklags og gerð leiðbeininga vegna mannauðsmála og innleiðingu á vakta- og viðverukerfinu Vinnustund sem komið er í notkun hjá öllum vinnustöðum sveitarfélagsins sem er stórt skref og mikilvægt bæði fyrir starfsmenn og vinnuveitanda.

Mikill metnaður hefur verið lagður í alla þessa vinnu og það er trú mín að við séum í fremstu röð sveitarfélaga í fræðslu til starfsmanna.

Á upplýsinga- og þjónustudeild hefur verið unnið ötulllega í íbúagáttinni og nú er svo komið að meginhluti umsóknarforma er aðgengilegur á gáttinni auk annarra forma vegna skila á ýmsum gögnum og upplýsingum til sveitarfélagsins. Nú þegar er hægt að skoða álagningu fasteignagjalda í gáttinni og unnið er að því að birta reikninga vegna þeirra og annarrar þjónustu sveitarfélagsins.

Frekari þróun á rafrænni þjónustu sveitarfélagsins er í bígerð og stefnum við að því að vera í fremstu röð. Öll þess vinna mun spara fjármagn og bæta þjónustu við íbúa.

Uppsetning og innleiðing á OneLandRobot í samvinnu við skipulagssvið er vel á veg komin en sú uppsetning mun einfalda alla umsýslu og samskipti vegna byggingarleyfa og byggingareftirlits sem fara munu fram rafrænt í gegnum íbúagáttina og þannig spara mörgum sporin ásamt því að auka aðgengi að upplýsingum og stöðu mála.

Unnið er að því að klára jafnlaunavottun fyrir áramót en það er ansi viðamikið verkefni.

Þá verður á næstu vikum hafist handa við umfangsmikið skönnunarverkefni en markmiðið er að í framtíðinni verði unnið með öll starfsmannagögn rafrænt sem auðvelda mun til muna öll störf launadeildar.

Einnig er rétt að nefna mjög áhugavert verkefni sem stjórnsýslusviðið er með í starfsáætlun sinni en þar er um að ræða tilraunaverkefni sem hefur það markmið að draga úr matarsóun í Ráðhúsinu.

Þá má geta þess að verið er að setja af stað íbúalýðræðisverkefni sem er þróunarverkefni sem unnið er í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og þrjú önnur sveitarfélög og fengin er ráðgjöf frá Svíum sem hafa mikla reynslu af samráði við íbúa. Þetta er verkefni sem Sóley Björk bæjarfulltrúi hefur haft veg og vanda af og mun verkefni okkar koma til með að snúa að þjónustu Strætisvagna bæjarins.

Áfram verður haldið með Lean aðferðafræðina en hún hefur þegar verið tekin upp á stjórnsýslusviði og skrifstofu fræðslusviðs og stefnt er að því að taka næstu skref á samfélags- og fjölskyldusviði og mun vinna fara í gang með fræðslu nú í október. Launadeild hefur verið í fararbroddi á sviðinu varðandi notkun á aðferðafræðinni og sífellt er unnið í nýjum úrbótaverkefnum og vinnulag endurskoðað.

Af öðrum verkefnum ársins 2020 og verkefnum sem eru í vinnslu er rétt að nefna að unnið er að gerð hönnunarstaðals Akureyrarbæjar og samræmingu á útliti og birtingu efnis á heimasíðum á vegum bæjarins.

Áfram verður unnið að því að útvíkka möguleika í íbúagátt m.a. að koma öllum umsóknum sviða sem og stofnana undir gáttina, unnið verður að uppsetningu og þróun ýmissa nýjunga sem miða að því að auka rafræn samskipti og auka öryggi við meðferð gagna og svona mætti lengi telja.

Íbúakort hefur verið lengi í vinnslu og hefur undirbúningsvinna að mestu verið á hendi Akureyrarstofu. Nú liggur fyrir að taka verður ákvörðun um framhald verkefnisins en horft er til íbúaapps. Ég hef kallað eftir því að staða verkefnisins verði kynnt fyrir bæjarfulltrúum á næstunni en mikilvægt er að við séum vel upplýst þegar næstu skref eru tekin.

Þá hefur bæjarráð samþykkt í liðinni viku að fjölmeningarráðgjöf / Alþjóðastofa muni flytjast frá stjórnsýslusviði til fjölskyldusviðs um næstu áramót en það er liður í að auka við þjónustu við ánægjulega fjölgun fólks af erlendum uppruna í bænum.

Hér hef ég talið upp verkefni sem unnið hefur verið að og verða í vinnslu á næstunni og óhætt er að segja að verkefnin og vinnan tóni vel við stefnu meirihlutans í bæjarstjórn og ég leyfi mér að segja bæjarstjórnar allrar, sem er að vinna að bættri, faglegrri og rafrænni þjónustu við íbúa og starfsfólk.

En það er fleira á borði bæjarráðs sem rétt er að nefna og unnið er að þessa dagana.

Á vettvangi samtaka sveitarfélaga hér á Norðausturlandi er unnið að sameiningu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna bæði hér í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Þetta er að mínu mati mikið framfaraspor og mun nýtt sameinað félag verða mun sterkara til að takast á við sameiginleg verkefni sveitarfélaga á svæðinu. Með þessari sameiningu er ekki stefnt að nýju stjórnsýslustigi en hið sameinaða félag mun meðal annars gæta hagsmuna okkar í sóknaráætlun og sameiginlegum verkefnum í atvinnumálum í víðum skilningi. Það er mín skoðun að með því að leiða þessar stofnanir í eitt öflugt félag mun það skapa möguleika á að draga úr og færa til störf innan stjórnsýslunnar hjá okkur og koma þannig í veg fyrir tvíverknað.

Unnið er að undirbúningi að breytingum á húsnaði 1. hæðar Ráðhússins en framkvæmdir munu hefjast síðar á þessu ári. Markmið breytinganna er að bæta aðkomu gesta sem erindi eiga í ráðhúsið og gera hana meira aðlaðandi ásamt því að bæta vinnuaðstöðu með áherslu á bætt hljóðvist og lýsingu, betri nýtingu á húsnaðinu ásamt því að gera vinnuumhverfið hlýlegra.

En það er ekki nóg, fyrir okkur liggur að taka ákvörðun um framtíðarhúsnaði allrar stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leigusamningur um Glerárgötu 26 sem hýsir fjölskyldu-, búsetu- og fræðsluvið, rennur út árið 2024 og þörf er á verulegum endurbótum á Ráðhúsinu. Sett hefur verið af stað vinna við greiningu á framtíðarþörf stjórnsýslunnar og mikilvægt að ljúka henni sem fyrst.

Ágætu bæjarfulltrúar

Ég vil í lokin þakka sviðsstjóra stjórnsýslusviðs Höllu Margréti Tryggvadóttur og hennar starfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnum árum og sérstaklega vil ég þakka Kristínu Sóleyju Sigursveinsdóttur forstöðumanni upplýsinga- og þjónustudeildar gott samstarf. Enn fremur vil ég þakka bæjarráði fyrir samstarfið á fyrsta ári kjörtímabilsins og hlakka til að takast á við sameiginlegt verkefni okkar á komandi árum í að gera góðan bæ betri.